AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum fiskafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar til 31. maí 1986.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum fiskafurðum fyrir framleiðslutímabilið frá 1. febrúar s.l. til 31. maí 1986:

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur	U.S.$ pr. lb. cif.
Færri en 60 stk. í lb.	3,23
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,99
Hálfhreinsaður	1,47
Rauður og brotinn	1,81

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62,5% af verðbreytingum frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Vélskelflett rækja	SDR pr. lb. cif.
Færri en 350 stk. í lb.:	
Blokkfryst	2,666
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,666
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,794
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,105
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,256
Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:	
Blokkfryst	2,548
5×2 og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	2,548
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	2,666
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,956
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	2,105

Verðbil verði 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 62,5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðin miðist við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. maí 1986.

F.h.r.
Árni Kolbeinsson.

Sigurður P. Sigmundsson.